

## REGLUGERÐ

### um jöfnun námskostnaðar.

#### 1. gr.

Rétt til námsstyrkja hafa þeir nemendur, sem uppfylla eftirtalin atriði:

- a) Þeir framhaldsskólanemendur, sem verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili.
- b) Þeir nemendur, sem stunda reglubundið nám við framhaldsskóla tilskilinn lágmarkstíma, enda njóti þeir ekki launa án vinnuframlags meðan á námi stendur, eða eigi kost námslána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki.

#### 2. gr.

Tilskilinn lágmarkstími er, að nemandi stundi nám við framhaldsskóla, sem starfar 6—9 mánuði á skólaári með eigi færri vikustundir en 30, sbr. þó heimildar-ákvæði 10.—13. gr.

#### 3. gr.

Framhaldsskólar í þessu sambandi eru: Gagnfræðaskólar ofan skyldunáms, menntaskólar, fjölbrautaskólar, sérskólar, aðrir en þeir, sem heyra undir ákvæði laga nr. 7/1967, um námslán og námsstyrki.

### II. Námsstyrkjanefnd.

#### 4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar fimm manna námsstyrkjanefnd, sem úthlutar námsstyrkjum til nemenda samkvæmt lögum nr. 69/1972 og reglugerð þessari. Enn fremur gerir nefndin tillögur til ráðuneytisins um árlegar fjárveitingar til jöfnunar á námskostnaði nemenda.

Námsstyrkjanefnd skal þannig skipuð: Tveir nefndarmanna án tilnefningar, og skal annar þeirra skipaður formaður nefndarinnar, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, allir skipaðir til fjögurra ára í senn, og einn skipaður til eins árs í senn samkvæmt tilnefningu samtaka skólanemenda þeirra skóla, er reglugerð þessi tekur til, samkvæmt reglum nr. 259/1972, um tilnefningu nemenda í námsstyrkjanefnd, eða öðrum þeim reglum, sem ráðuneytið kann að setja þar að lútandi.

### III. Beinir styrkir.

#### 5. gr.

Beinir styrkir eru þrens konar:

1. Ferðastyrkir
2. Fæðisstyrkir
3. Húsnæðisstyrkir.

Styrkfjárhæðir fara eftir heildarfjárhæð, sem veitt er til jöfnunar á námskostnaði í fjárlögum ár hvert.

#### 6. gr.

Ferðastyrkir eru veittir þeim nemendum, sem verulegan ferðakostnað hafa vegna náms. Þeir nemendur, sem stunda nám tilskilinn lágmarkstíma, fá sem styrk áætlaðan ferðakostnað, að mati námsstyrkjanefndar, umfram lágmarksfjárhæð, sem námsstyrkjanefnd ákveður hverju sinni, vegna fjögurra ferða á skólaári (ferð haust og vor í og úr jólaleyfi).

#### 7. gr.

Fæðisstyrkir eru veittir þeim nemendum, er verða að dveljast fjarri fjölskyldu sinni á námstíma. Tvenns konar fæðisstyrkir eru veittir, annars vegar til lækkunar á mötuneytiskostnaði nemenda, hins vegar til þeirra, sem ekki eiga kost á fæði í mötuneyti.

#### 8. gr.

Húsnæðisstyrkir eru veittir þeim, er verða að dveljast utan lögheimila sinna, án þess að eiga kost á heimavist með viðunandi kjörum að mati námsstyrkjanefndar.

#### 9. gr.

Fæðis- og húsnæðisstyrkir eru veittir í hlutfalli við lengstan árlegan starfstíma skóla.

### IV. Heimildarákvæði.

#### 10. gr.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita þeim nemendum fæðis- og húsnæðisstyrki, sem stunda reglubundið nám við framhaldsskóla, sem uppfylla ákvæði 2. gr., þó að nemandi dveljist ekki á skólastað fullan starfstíma skóla. Heimild þessi gildir þó eigi, ef námstími er skemmri en 4 mánuðir, sbr. þó 13. gr., að því er varðar iðnnám. Miða skal greiðslu við sannanlegan dvalartíma í skóla. Heimilt er og að veita nemendum, er stunda nám skemur en 6 mánuði, ferðastyrki, enda sé þá um skerta styrki að ræða.

#### 11. gr.

Námsstyrkjanefnd er heimilt að veita óreglulegum nemendum skerta styrki, dveljist þeir á skólastað og námstilhögum sé í samráði við þann skólustjóra, sem hlut á að máli og samþykkt af honum.

#### 12. gr.

Heimilt er að veita nemendum, sem lesa utan skóla, skerta ferðastyrki, er þeir fara til prófs, sé um verulegan kostnað að ræða að mati námsstyrkjanefndar.

#### 13. gr.

Heimilt er að veita iðnnemum, svo og öðrum sem stunda sambærilegt nám á fyrsta og öðru námsári (1. og 2. bekk), styrki miðað við námstíma, þótt hann sé skemmri en 4 mánuðir.

#### 14. gr.

Skipuleggi sveitarfélög daglegan akstur framhaldsskólanema að og frá skóla eða skólum, þar sem nemendur þyrftu ella að vista sig fjarri lögheimilum sínum við nám, er námsstyrkjanefnd heimilt að endurgreiða hluta kostnaðar sveitarfélaga, enda hafi nefndin áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

**15. gr.**

Heimilt er námsstyrkjanevnd með samþykki menntamálaráðuneytisins að veita nemendum námsstyrki, þótt þeir fullnægi ekki ákvæðum 2. gr. laga nr. 69/1972, ef efnaleysi er verulegt, svo og að veita hærri styrki, ef tveir eða fleiri nemendur frá sama heimili eru samtímis í framhaldsskóla, enda verði nefndinni látnar í té ítarlegar upplýsingar um efnahag.

**V. Ýmis ákvæði.****16. gr.**

Námsstyrkjanevnd afli sér upplýsinga um námskostnað nemenda í framhaldsskólum, m. a. með því:

- a. að kynna sér skýrslur um fæðis- og húsnæðiskostnað nemenda í heimavistar-skólum ríkisins.
- b. að afla sér upplýsinga um sömu kostnaðarliði í öðrum heimavistarskólum.
- c. að óska eftir upplýsingum um húsnæðiskostnað nemenda, m. a. frá nemenda-samtökum, er annast húsnæðismiðlun.
- d. að fá upplýsingar, m. a. frá matsölustöðum um verð á föstu fæði, svo og einstökum máltíðum.
- e. að leita álits Hagstofu Íslands um fæðiskostnað meðalfjölskyldu.
- f. að fá skrár frá aðilum um fargjöld á áætlunarleiðum innanlands.

Námsstyrkjanevnd metur ofangreindar upplýsingar m. a. með hliðsjón af almennum framfærslukostnaði, svo og misjöfnum tilkostnaði nemenda, að því er varðar fæði, húsnæði og ferðir á námstímanum.

**17. gr.**

Umsóknir um námsstyrki skulu berast á þar til gerðum eyðublöðum, sem námsstyrkjanevnd lætur gera.

Á umsóknareyðublöð skal skrá allar þær upplýsingar, sem námsstyrkjanevnd telur nauðsynlegar, m. a. fullt nafn umsækjanda, nafnnúmer, fæðingardag og ár, lögheimili hans, ásamt nafni skóla, bekkjardeild og dvalarstað á námstíma.

Rangar upplýsingar umsækjenda geta varðað styrkmissi. Allar umsóknir skulu staðfestar af skólastjóra, sem tilgreinir námsdvöl umsækjanda.

**18. gr.**

Námsstyrki nemenda, er stunda nám 6—9 mánuði, má greiða í tvennu lagi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 3. október 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*